



Apríl 2021

HVATARBLAÐIÐ



Skemmtileg heimsókn á Snæfoksstaði

Starfsmenn Kerhólsskóla, ásamt starfsfólki á skrifstofu sveitarfélagsins brugðu undir sig betri fætinum og fóru í heimsókn á Snæfoksstaði í Grímsnes- og Grafningshreppi þriðjudaginn 23. mars til að kynna sér starfsemi Skógræktarfélags Árnesinga, sem er með skóginn þar. Kjartan Ólafsson, formaður félagsins og Bergur Þór Björnsson, framkvæmdastjóri félagsins tóku á móti hópnum og sögðu frá starfseminni. Byrjað var á því að fara klukkutíma göngu um skóginn með ýmsum fróðleik og síðan var farið inn í aðstöðuhúsið þar sem boðið var upp á kaffiveitingar og frekari kynningu á starfsemi félagsins og tæki og tól sýnd. Skógræktarfélag Árnesinga keypti jörðina Snæfoksstaði árið 1954 og var hafist handa við að girða af landið en sumarið 1956 var fyrst gróðursett.

Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir í heimsókninni. Sjá fleiri myndir á bls. 25



500. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 3. mars 2021 kl. 13:00 - 16:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 212. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 24. febrúar 2021.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 30 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 212. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 24. febrúar 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 14: 1811018 - Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna Sogsvirkjana. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, falla stöðvarnar þrjár og háspennulína að þeim og frá undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanaðalsvæðum, íbúðarsvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjasrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi, þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15: 2102044 - Jarðvarmanýting í landi Króks; Umsögn.

Lögð er fram greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu er varðar jarðvarmavirkjun í landi Króks í Grafningi. Lagt fyrir

skipulagsnefnd til kynningar og álitserðar vegna umsagnar sveitarfélagsins um málið.

Sveitarstjórn telur að umrædd framkvæmd sé ekki þess eðlis að teljast háð mati á umhverfisáhrifum. Staðsetning hennar er á þegar röskuðu svæði við hlið háspennumasturs í grennd við önnur sambærileg orkunýtingarsvæði. Lagnarleiðir frá framkvæmdinni geti farið meðfram vegum sem liggja um svæðinu nú þegar. Framkvæmdasvæðið raskast varanlega en á því svæði er fábreyttur gróður og fuglalíf samkvæmt skýrslunni. Sveitarstjórn bendir þó á að framkvæmdin er í töluverðri nálægð við Grændal sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt í B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi og ferkvatnsvistgerða þar sem nýting orkuvinnslu er talin til helstu ógna og að friða þurfi svæðið fyrir orkuvinnslu. Í samræmi við framlagða tilkynningarskýrslu er þá vandséð að umrædd framkvæmd muni hafa áhrif á það svæði nema hugsanlega með sjónrænum hætti. Sérstaklega er tiltekið innan skýrslunnar að mannvirki verði lágstemmd og sýnileika þeirra verði haldið í lágmarki. Út frá núverandi markmiðum aðalskipulags er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð innan svæðisins nema með mjög takmörkuðum hætti.

Mál nr. 16: 2102030 - Hlíð (L170821); umsókn um byggingarleyfi; véla- og verkfærageymsla.

Fyrir liggur umsókn Vals Arnarssonar f.h. K.J. ehf., móttækin 10.02.2021, um byggingarleyfi til að byggja 378 m² véla- og verkfærageymslu á jörðinni Hlíð L170821 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru í næsta nágrenni við svæðið en umsækjandi sjálfur telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu vegna málsins og vísar því til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 17: 2102039 - Stóra-Borg lóð 13 (L218057); umsókn um byggingarleyfi; gistihús - kúluhús með svefnlofti.

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar f.h. Ögmundar Gíslasonar, móttækin 11.02.2021, um byggingarleyfi til að byggja 66,4 m² gistihús/kúluhús með svefnlofti á lóðinni Stóra-Borg lóð 13 L218057 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að afgreiðslu málsins verði frestað á meðan skipulagsbreytingar á lóðinni eru í vinnslu.

Mál nr. 18: 2102052 - Selhólsvegur 10 (L169406); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður á tveimur hæðum að hluta.

Fyrir liggur umsókn Pálmars Kristmundssonar f.h. Helga R. Ólafssonar og Bjarneyjar Harðardóttur, móttækin 15.02.2021, um byggingarleyfi til að byggja 237,8 m² sumarbústað á tveimur hæðum að hluta til á sumarbústaðalóðinni Selhólsvegur 10 L169406 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að grenndarkynna útgáfu byggingarleyfis fyrir húsinu þar sem há mænishæð þess geti mögulega haft grenndaráhrif. Engir skilmálar eru settir fram innan deiliskipulags er varðar hámarkshæð mænishæðar bygginga. Að auki mælist sveitarstjórn til þess að skipting lóðarinnar á grundvelli deiliskipulags verði kláruð áður en byggingarleyfi verði afgreitt. Að því loknu og berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 19: 2007038 - Sólheimar (L168279); umsókn um byggingarleyfi; baðhús.

Fyrir liggur umsókn Helga Más Halldórssonar f.h. Sólheima ses., móttækin 15.07.2020, um byggingarleyfi til að byggja 84 m² baðhús/þjónustuhús á jörðinni Sólheimar L168279 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þar sem heildarendurskoðun deiliskipulags á svæðinu er í vinnslu fái framlögð umsókn málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru í næsta nágrenni við svæðið en umsækjandi sjálfur telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu vegna málsins og vísar því til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 20: 2010070 - Krókur L170822; Gufuafllsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna gufuafllsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir kynningu. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Folaldahálsi fyrir gufuafllsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu þar til niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Mál nr. 21: 2010071 - Krókur L170822; Gufuafllsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna gufuafllsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir kynningu. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafllsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturnna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu þar til niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Mál nr. 22: 2002001 - Þórisstaðir land L220557; Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Birgi Leó Ólafssyni og Rögnu Björnsdóttur er varðar breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Í breytingunni felst að breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan lóðar Þórisstaða land L220557. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23: 2008058 - Lokastígur 12 L193682; Ásabraut 4D og 6C; Breytt stærð lóðar.

Lögð er fram umsókn frá Lofti Magnússyni og Erlu Guðlaugu Sigurðardóttir er varðar breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs sem tekur til Ásabrautar 1-40 og Lokastígs 1-10 samkvæmt fylgibréfi. Sveitarstjórn áréttar að við breytingar á deiliskipulagi verða ekki sjálfkrafa til breytingar á mörkum lóða innan fasteignaskrár eða þinglýsingabóka. Slíkar breytingar gerast ekki án viðeigandi lóðargagna með samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa og aðliggjandi lóða. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og vísar því til úrvinnslu skipulagsfulltrúa í samráði við vinnsluaðila deiliskipulagsins og lóðarhafa.

Mál nr. 30: 2102002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-137.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar 2021.

b) Fundargerð 4. fundar starfshóps um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita, 16. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð fundar lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, 24. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 44. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 29. janúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 567. fundar stjórnar SASS, 5. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2021 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Fyrir liggur bréf frá Brynhildi Jónsdóttur f.h. Samtaka um kvennaathvarf, dagsett 10. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs samtakanna árið 2021 að fjárhæð kr. 100.000.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

3. Tilkynning til hluthafa í Límtré Vírnet ehf. um eigendaskipti að hlutum.

Fyrir liggur bréf frá Límtré Vírnet ehf., dagsett 17. febrúar 2021 þar sem tilkynnt er um kaup Stefáns Árna Einarssonar á um 0,66% alls hlutfjár félagsins. Af þessu tilefni er sveitarfélaginu tilkynnt að það eigi forkaupsrétt að áður nefndum hlutum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að forkaupsréttur Grímsnes- og Grafningshrepps verði ekki nýttur.

4. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um breytingu á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Eiríki Benónýssyni hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsettur 23. febrúar 2021, þar sem tilkynnt er að settar hafi verið í auglýsingu breytingar á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015. Einnig eru lögð fram fylgiskjöl sem sýna breytingarnar.

Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 61/2021, „Kosningar til Alþingis“.

Fyrir liggur að birt er til samráðs frá dómsmálaráðuneytinu mál nr. 61/2021, frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

6. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

7. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 140. mál.

Fyrir liggur beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 140. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

8. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um hafnalög (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um hafnalög (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), 141. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), 141. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður framkomid frumvarp, enda mun það hafa jákvæð áhrif á minni brugghús og styrkja rekstrargrundvöll þeirra, auk þess sem það mun stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

11. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Fyrir liggur beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður ekki við frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur). Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við kosningar eins og verið hefur.

Til sölu

Tvö svona náttborð til
sölu kr. 12.000 saman.

Sirry
896 2438.



**501. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
17. mars kl. 13:00 - 16:10
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Kynning frá Orku náttúrunnar á áformum um að koma fyrir lofthreinsistöð við Nesjavallavirkjun.

Á fundinn komu Nökkvi Andersen (OR), Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir (Carbfix) og Magnea Magnúsdóttir (ON) og kynntu áform um að koma fyrir tímabundinni tilraunalofthreinsistöð í samstarfi við fyrirtækið Carbfix við Nesjavallavirkjun. Lofthreinsistöðinni er ætlað að prófa að hreinsa H2S og CO2 úr gufunni frá Nesjavallavirkjun.

2. Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn komu fulltrúar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps þau Gunnar Birkir Sigurðsson, Matthías Fossberg Matthíasson, Ísold Assa Guðmundsdóttir, Ásdís Rún Grímsdóttir, Viðar Gauti Jónsson, Ingibjörg Elka Þrastardóttir og Gerður Dýrfjörð og lögðu fram tillögur fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn þakkar ungmennaráði fyrir komuna og tekur tillögur þeirra til skoðunar.

3. Fundargerðir

a) Fundargerð 90. fundar fræðslunefndar, 2. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 213. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. mars 2021.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 213. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 10. mars 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 17: 2102075 - Minni-Borg lóð B L198597; 14 byggingareitir verði lóðir; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Minni Borgum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skilgreindar eru lóðir í kringum 14 byggingarreiti sem fyrir eru innan deiliskipulagsins. Engar byggingar hafa verið byggðar innan umræddra byggingarreita. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 18: 2103003 - Efri-Brú Sökk lóð 5 L198862; Brúarey 1-3; Niðurfelling göngustígs og stækkun lóðar nr.3; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf., f.h. landeigenda er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi lóða við Brúarey úr landi Efri-Brúar Sökk lóð 5 L198862. Í breytingunni felst að ræma fyrir skilgreindum göngustíg meðfram lóð nr. 3 er felld út og lóðin stækkuð sem því nemur. Þá er sett kvóð um gegnumakstur/vegstæði sem aðkomuleið gegnum lóð Brúarey 1 vegna aðstæðna á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 19: 2009016 - Borg í Grímsnesi; Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar; Þéttbýli; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingum fyrir þéttbýlið að Borg í Grímsnesi. Lýsing var í kynningu frá 7.10.2020-28.10.2020. Umsagnir sem bárust við lýsingu verkefnisins fylgja við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillöguna til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20: 2103019 - Hallkelshólar lóð 69 L186617; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Erni Aanes Gunnþórssyni og Þórhildi Eddu Sigurðardóttir er varðar umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðar í landi Hallkelshóla. Í breytingunni felst breytt lega lóðar Hallkelskóla lóð 69, L186617. Samhliða er skilgreindur byggingarreitur innan lóðarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 21: 2011042 - Tilraunahreinsistöð á Nesjavöllum; Fyrirspurn um matsskyldu.

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 varðandi mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir því að Grímsnes- og Grafningshreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum viðkomandi framkvæmd er varðar tilraunahreinsistöðvar að Nesjavöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum í takt við framlagða beiðni. Sveitarstjórn telur að innan fyrirsprunar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisðagerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að framkvæmd á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin getur verið háð útgáfu framkvæmdaleyfis og eftir atvikum byggingarleyfa. Sveitarstjórn telur framkvæmdina rúmast innan skilmála aðal- og deiliskipulags fyrir svæðið.

Mál nr. 25: 2102004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-138.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. mars 2021.

c) Fundargerð 83. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 24. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 895. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Erindi til Flóahrepps um sameiginlega vatnsöflun.

Ræddir voru kostir um vatnsöflun í sveitarfélaginu og mögulegt samstarf við Flóahrepp um sameiginlega vatnsöflun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að senda erindi til sveitarstjórnar Flóahrepps.

5. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Sveitarfélaginu Árborg um námsvist utan lögheimilissveitarfélags vegna tveggja nemenda grunnskóladeildar fyrir tímabilið 1. febrúar til loka skólaársins 2020-2021. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina.

6. Bréf frá Landgræðslunni vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2021.

Fyrir liggur bréf frá Landgræðslunni, dags. 9. mars 2021, þar sem fram kemur að Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 360.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins þann 26. mars 2021.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dags. 11. mars 2021, þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verði haldinn þann 26. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík. Jafnframt verður boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.

Fyrir liggur bréf frá Jafnréttisstofu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. mars 2021, þar sem farið er yfir hvaða áhrif ný jafnréttislöggjöf hefur á sveitarfélög.

Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Heiðarbraut 22, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 12. mars 2021, um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Heiðarbraut 22, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

10. Stöðuskýrsla nr. 11 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. mars 2021, þar sem kynnt er 11. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

11. Félagsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 76/2021, „Mælaborð um farsæld barna“.

Fyrir liggur að birt er til samráðs frá félagsmálaráðuneytinu mál nr. 76/2021, „Mælaborð um farsæld barna“.

Lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um brottfall laga um Kristnisjód o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum, 470. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um brottfall laga um Kristnisjód o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum, 470. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (sambætting þjónustu, hlutverk o.fl.), 561. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (sambætting þjónustu, hlutverk o.fl.), 561. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið og aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa), 273. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið og aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa), 273. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 562. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 562. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

16. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.

Fyrir liggur beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður ekki við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur).

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfreðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Vissulega vill sveitarstjórn styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og telur að slíkt þurfi að byrja með aukinni fræðslu í elstu deildum grunnskóla þar sem að ungmennum er veitt fræðsla meðal annars um stjórnsýsluna. Einnig þarf að gera Ungmennaráð að fastanefndum hjá öllum sveitarfélögum og hvetja til þess að ungmenni séu einnig höfð í huga þegar valið er í aðrar fastanefndir sveitarfélaga þannig að rödd ungs fólks heyrist þegar verið er að fjalla um málefni samfélagsins. Með slíkum breytingum er ungu fólki veitt aukið tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur.

Dagskrá Frístundaklúbbsins á Borg ,til vors 2021.
Klúbburinn er fyrir miðstig Kerhólsskóla,
eða nemendur í 5. til 7. bekk og er á vegum
Grímsnes og Grafningshrepps.

Dagur: Dagskrá:

7. apríl **Heimsókn frá Landhelgisgæslunni.**
Sigurður Ásgrímsson,
sprengjusérfræðingur heimsækir okkur en
Sigurður, barnabarn hans er í
Frístundaklúbbnum
14. apríl **Hundaheimsókn** til Elínar Láru
Sigurðardóttur á Borg
- 21. apríl (starfsdagur) Frí**
28. apríl **Kirkjan á Stóru Borg** skoðuð undir leiðsögn
Harðar Óla í Haga og bílaverkstæði hjá
Sigurjóni Þrastarsyni, sem er líka á Stóru
Borg heimsótt. Fáum að skoða rallybíla,
fornbíla og fleira áhugavert hjá honum.
5. maí **Fatalitun**
12. maí **Heimsókn frá Brunavörnum Árnessýslu á**
slökkviliðsbíl þar sem við fáum að skoða
bílinn og kynnst starfsemi slökkviliðsins
19. maí **Fjársjóðsleit**
26. maí **Hjólaferð**
2. júní **(vorferð/óvissuferð)**

Umsjónarmenn klúbbsins eru þau Magnús Hlynur Hreiðarsson og
Unnur Malin.

Fréttir úr Frístund

Starfið í Frístund í Kerhólsskóla hefur gengið einstaklega vel í vetur og hafa krakkarnir í 1. – 4. bekk verið sérstaklega áhugasöm um starfið og dugleg að leika sér saman og taka þátt í því, sem boðið er upp á.

Við höfum getað verið mjög mikið úti að leika því veðrið hefur verið svo frábært í vetur. Með hækkanði sól verðum við enn meira úti.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr starfinu.

Texti og ljósmyndir: Magnús Hlynur Hreiðarsson.



Mjög mikill áhugi er á að tefla í Frístund, bæði hjá strákum og stelpum.



Vinkonurnar Tinna (t.v.) og Harpa, sem eru alltaf alsælar með það þegar það er verið úti að leika.



Það er mikið sport að sitja upp á veggnum þar sem gervigrasvöllurinn er og fylgjast með fótþoltanum. Hér eru þau frá vinstri, Ísabella, Katrín, Linda, Katla, Margarita og Davíð.



Guðný á Ormsstöðum kom færandi hendi nýlega og gaf Frístund þrjá kassa af allskonar dóti, sem krakkarnir hennar eru hætt að nota.

Það var frábært að fá svona flotta gjöf.

Ef einhverjir eru að losa sig við dót þá má alltaf hafa samband við Frístund og athuga hvort það er þörf fyrir það þar.



Leikið með nýja dótið frá Ormsstöðum, sem hefur slegið í gegn hjá krökkunum.



Haldið upp á dag heilags Patreks með skruðgöngu

Í tilefni af degi verndardýrlings Íra, Heilags Patreks eða St. Patrick's day, sem er þjóðhátíðardagur Írlands 17. mars var efnt til hátíðarhalda í leik- og grunnskóla Kerhólsskóla þar sem allir klæddust grænu og fóru í skruðgöngu um hverfið á Borg undir forrystu Sibéal Turraoin, sem er frá Írlandi og starfsmaður leikskólans. Það þótti vel við hæfi að halda upp á daginn þar sem það er fjölmenningsvika í skólanum. Í leikskólanum voru lesnar Írskar sögur, hlustað á Írsku tónlist og andlitsmálun var í boði svo eitthvað sé nefnt. Önnur myndin var tekin í upphafi göngunnar og hin er af Sibéal, sem hefur búið í tæplega fimm ár á Íslandi og líkar landið vel og vinnan í leikskóla Kerhólsskóla.

Texti og ljósmyndir: Magnús Hlynur Hreiðarsson.



VILT ÞÚ HLÚA AÐ LÍKAMA ÞÍNUM OG SÁL?

EF SVO, ÞÁ ER JÓGA KANNSKI EITTHVAÐ FYRIR ÞIG.

JÓGATÍMAR VERÐA Í
ÍRÓTTAHÚSINU Á SÓLHEIMUM
ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA
FRÁ KL. 17:30-18:30

EKKI ÞARF AÐ SKRÁ SIG, HELDUR ERU
TÍMARNIR ÖLLUM OPNIR,
JAFNT BYRJENDUM SEM PEIM SEM STUNÐAÐ
HAFU JÓGA ÁÐUR,
EN HÁMARKSFJÖLDI Í SAL MIÐAST VIÐ 20 MANNS.
VEGNA COVID ÁSTANDSINS ER ÆSKILEGT AÐ HVER OG
EINN MÆTI MEÐ SÍNA JÓGADÝNU OG
TEPPI FYRIR SLÖKUNINA.
EF EINHVERN VANTAR DÝNU VERÐA AUKADÝNUR Á
STAÐNUM.

HVER TÍMI KOSTAR KR. 1.000, EN EF TVEIR MÆTA ÆR
SÖMU FJÖLSKYLDU ER 50% AFSLÁTTUR FYRIR ANNAN
AÐILANN.

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITIR KRISTÍN Í SÍMA:
8668696 EFTIR KL. 16:00
EDA Á NETFANGID KRISTINALBERTSDOTTIR@GMAIL.COM



MEÐ KÆRLEIKSKVEÐJU,
KRISTÍN B. ALBERTSDÓTTIR
JÓGAKENNARI



Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður
uppá; Jákvæð sálfræði (therapy)
Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd,
Svæðameðferð.

Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum
viðkvæmu tímum.

Hjartanlega velkomin.


Katrín Erla S. 862-4809

Komdu með!



Göngum mót
hækkandi sól

ÞÆGILEGAR GÖNGULEIÐIR VIÐ ALLRA HÆFI ÞAR SEM HVER OG EINN
GETUR RÁÐIÐ HRAÐA OG TÍMALENGD Í NÆRUMHVERFI Í OG VIÐ BORGARSVÆÐIÐ
FARIÐ VERÐUR FRÁ ÍÐRÓTTAHÚSINU KL 16.15 Á ÞRIÐJUDÖGUM FYRSTA
GANGAN ER 2. FEBRÚAR 2021
ALLIR VELKOMNIR
MUNUM AÐ KLÆÐA OKKUR EFTIR VEÐRI.
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR, VIRÐUM TVO METRANA OG ALLAR
SÓTTVARNAEGLUR
KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Fjallskil 1

Heyri ég þegar hausta fer
hóað upp í dölunum
- þó að ég sé að þvælast hér
þá er ég einn af smölunum.

Höskuldur Einarsson, Vatnshorni

Á fundi í fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps á
dögunum, kviknuðu hugmyndir um að ef til vill væri kominn tími til
að endurhugsast margt af því sem gilt hefur um fyrirkomulag
fjallskila og smalamennsku svo lengi sem elstu menn muna –
jafnvel frá alda öðli. Þótt enn sé ekkert afráðið má trúlegt telja að
einhverra breytinga sé að vænta. Þessi umræða kveikti hjá mér
löngun til að krotast hjá mér nokkur orð og rifja upp sitthvað frá
eigin fjallferðum á afréttum Laugdæla og Grímsnesinga, sem
fyrrum var afréttur Grímsneshrepps hins forna – en það var áður
en stormur í vatnsglasi sundraði sveitarfélögunum árið 1906, sem
aldrei skyldi verið hafa.

Hér birtist nú fyrsti pistillinn. Fyrirhugað er að þeir verði fjórir og
birtist í næstu Hvatarblöðum, hver af öðrum.

**„Á meðan þú áttir heima í byggðinni, voru fjöllin fögur og
glæsileg, - síðan þú komst hingað hefur þú ekki gefið þeim
neinn gaum“ (Úr Fjalla-Eyvindi).**

Þessi tilvitnun í Fjalla-Eyvind Jóhanns skálds Sigurjónssonar er
heppilegri en mörg orð til að lýsa tilfinningu og fjallaþrá þeirra
byggðamanna sem löngum hafa lagt í vana sinn „að fara á fjall“. Þótt fátt
jafnist á við velheppnaða fjallferð í dýrindis veðri, eru hinar ferðirnar
jafnmargar, ef ekki fleiri, þar sem veður og volk fara ómjúkum höndum um
stirða liði smálanna. Það breytir hins vegar engu: Þegar fer að líða að
sumarlokum og heyönnum linnir, fer hugurinn á flug og tilhlökkunin tekur
völdin. Allt sem miður fór er nú horfið í ómælisdjúpið. Rokið og rigningin,
rasssærið, skrokkskjóðurnar og ómjúk legurúm er allt gleymt og grafið,
en töfrar fjallanna, heiðríkja jöklanna, félagsskapurinn og sporléttir
smalahestarnir hafa yfirtekið hugarheim og draumfarir smálanna.

Í fyrstu fjallferð minni með Grímsnesingum gerðust þau undur og
stórmerki að fjallkóngurinn villtist! Ég stend í þeirri trú að engin
önnur dæmi séu um að sá fjallkóngur sem hér um ræðir færi villur
vega – og í krafti þess að telja meg til undra og stórmerkja set ég
þessa frásögn hér.

Svo svört var þokan í þessari tilteknu eftirleit á Grímsnesafrétti að
útilokað var að skipta liði og smala, eins og venjan bauð. Þennan
fyrsta leitardag riðu allir fjallmennirnir í halarófu á eftir Hannesi á

Kringlu: Vestur úr Barmaskarði, vestan við Stóra-Reyðarbarm, upp Jafnabrekku og svo sem leið lá um Hálsinn að austanverðu við Hrafnabjörg, stefnan tekin á Tindaskagann. Enginn sá handaskil. Kennileiti á borð við Bjargatinda, Tröllatind og Hrútfjöll voru hulin sortanum. Allir vorum við félagar áhyggjulausir, að ég hygga, og treystum fullkomlega á forsjá kóngsins. Eftir stundarlanga þæfingsreið í misjöfnu færi, birti skyndilega til. Við vorum komnir alveg fram á bjargbrún, og sáum nú ofan í Hrafnabjargabásinn – þangað var nú bjartara niður að líta, enda hæðarmunurinn mikill. Vissulega var þetta dýrleg sýn, en sýndi okkur svo ekki varð um villst að okkur hafði borið af leið – við vorum hreinlega snúnir við! Það rumdi hátt í Hannesi, hann áttaði sig undireins á villunni og sneri fáki sínum skjótlega til ferðar í áður fyrirhugaða átt. Var nú hertur róðurinn, þótt töfin hefði nú ekki orðið mikil – og farsælega náðum við á Tindaskagahornið áður en langt um leið, þótt aldrei sæjum við glitta í það. Þaðan var svo auðvelt að rekja sig með Tindaskaganum í náttstað við Kerlingu. Um kvöldið þegar allir voru tryggilega komnir í heila höfn, og menn teknir að eta upp úr fjallskrínum sínum, sá ég ekki betur en stríðnisglott kæmi annað veifið á Böðvar á Búrfelli er hann leit til fjallkóngsins. Ekkert var þó sagt upphátt að svo komnu máli.

Bjarni Þorkelsson

Hvað er á döfinni?

Ha! göngu og skokk hvað?



Í maí verður haldin uppsveita námskeiðið: „Komast af stað“, og er það göngu og skokk námskeið sem fer að mestu fram í netheimum. Þátttakendur skrá sig í lokaðan fésbókarhóp og fá leiðbeiningar í formi myndbanda sem hjálpa fólki að komast af stað með reglubundna hreyfingu eftir Covid. Snúum vörn í sókn og hvetum aðra til að vera með.

Gjafabréf verða í boði fyrir nokkra heppna sem skrá sig og klára námskeiðið. Hluti af námskeiðinu verður tengt virkri þátttöku með því að nota appið Strava til að skrá hreyfingu hvers og eins. Hver og einn tekur þátt út frá sínum forsendum og markmiði er að bæta heilsu sína. Fyrir þá sem það vilja þá endar námskeiðið á göngu- og skokkviðburði á Flúðum, þann 29. maí: Miðfells áskorunin með 3, 5 og 10 km göngu/skokk leiðum.

Verður þú með? Meira um þetta í næsta fréttabréfi og á fésbókarhópnum: Heilsueflandi Uppsveitir.

BÓKSAFN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

LESTUR ER BESTUR

LOKAÐ TÍMABUNDIÐ VEGNA COVID-19

Opið fyrir eldri borgara á
mánudögum og fimmtudögum
frá kl. 11:15 til 12:30

Opið fyrir alla:
Þriðjudaga 15:30 til 16:30
Miðvikudaga 13:00 til 16:30
Fimmtudaga 13:30 til 14:10 og 15:30 til 16:30

UNGLINGAVINNA 2021




Auglýst er eftir unglingum
14 til 16 ára (8. til 10. bekkur) í vinnuskóla
sveitarfélagsins frá
7. júní til og með 30. júlí 2021



Tekið er á mótí skráningu í tölvupósti á netfangið
goggg@goggg.is til 30. apríl n.k.

Sveitarstjóri



Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Opnunartími:

Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.



Kjartan Ólafsson og Sigríður Björnsdóttir, formaður Skógræktarfélags Grímsnes að glugga í bók, sem Skógræktarfélagið gaf út og Kjartan gaf bókasafni Grímsnes- og Grafningshrepps.



Frænkurnar Arndís Þórleif og Thelma Sif



Þórleif og Linda



Hoppað yfir smá lækjarsprænu Guðmundur, Alexander Guðmundur og Antonía Helga



Erik Helgi á fjórhjólinu í skemmuni

Fótboltasnillingar framtíðarinnar

Mikill áhugi er á fótboltaæfingum hjá Umf.Hvöt, sem fara fram einu sinni í viku í íþróttahúsinu á Borg. Þjálfari er Matthías Bjarnason. Skipt er í tvo hópa, eldri og yngri. Krakkarnir gera ýmsar æfingar og eru mörg þeirra orðin ótrúlega lunkinn með knöttinn og allir hafa sýnt miklar framfarir í vetur.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á æfingu 15. mars. Á einni þeirri er hópurinn af yngri iðkendum, sem mættu á æfinguna, á annarri er krakkarnir að leysa ákveðnar æfingar og á þeirri þriðju eru fjórir félagar á æfingunni, sem tóku sér smá hvíld með því að setjast örstutt á bekkinn og kasta mæðinni.





Texti og ljósmyndir: Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**




HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá
kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.
Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga –
fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og
beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



Áhrif hertra sóttvarnaaðgerða á starfsemi Grímsnes- og Grafningshrepps

25. mars 2021

Hertar reglur um sóttvarnarráðstafanir á landsvísi tóku gildi á miðnætti í gærkvöldi. Tíu manna fjöldatakmörkun verður meginregla og aðeins börn fædd 2015 og síðar verða þar undanskilin. Grunn-, framhalds-, tónlistar- og háskólum verður lokað þar til páskafrí tekur við. Margvísleg starfsemi sem rúmast ekki innan reglu um 10 manna fjöldatakmörkun verður stöðvuð.

-Leikskóladeild Kerhólsskóla:

Óbreytt skólustarf. Nánari upplýsingar um tilhögun koma frá stjórnendum leikskóla.

-Grunnskóladeild Kerhólsskóla:

Allir grunnskólar sveitarfélagsins eru lokaðir frá miðnætti í gær til og með 31. mars.

-Frístundastarf:

Frístundaheimili, félagsmiðstöð og frístundaklúbbur verða lokað frá miðnætti í gær til og með 31. mars.

-Íþróttamiðstöðin Borg:

Lokað frá miðnætti í gær til og með 15. apríl.

-Gámasvæðið Seyðishólum:

Afgreiðslutími Gámasvæðisins á Seyðishólum er hefðbundinn en starfsmenn aðstoða ekki notendur og halda fjarlægðarmörk.

-Áhaldahús:

Verið er að vinna hefðbundin verk en starfsmönnum hefur verið skipt upp.

-Skrifstofa sveitarfélagsins:

Lokað til og með 15. apríl.

Frekari upplýsingar um tímabundnar breytingar á þjónustu sveitarfélagsins verða birtar á gogg.is um leið og þær liggja fyrir.



Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu og notaðu kóðann: ferming2021



GIF myndir



Boomerang



SMS deiling



QR kóði



Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN	STÆRRI PAKKINN	ALLUR PAKKINN
Uppsetning og frágangur SMS & QR Kóði Myndir-GIF-BOOMERANG Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði	Uppsetning og frágangur SMS & QR Kóði Myndir-GIF-BOOMERANG Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði Bakgrunnur að eigin vali	Uppsetning og frágangur SMS & QR Kóði Myndir-GIF-BOOMERANG Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði Bakgrunnur að eigin vali Myndaprentari (100 myndir)
kr. 34.900	kr. 39.800	kr. 49.800

www.glansmyndir.is

Grímsnes– og Grafningshreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni í Áhaldahús

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og vinnuvélaréttindi

- Frekari fyrirspurnir má senda á sveitarstjori@gogg.is
- Umsóknum skal fylgja ferilskrá.
- Umsókn þarf að berast fyrir 30. apríl 2021 á netfangið sveitarstjori@gogg.is





Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22
Föstudaga **LOKAÐ**
Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18
Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is